

Sp. 490. Tillaga til þingsályktunar [246. mál]

um viðauka við vegáætlun fyrir árin 1981—1984.

(Lögð fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

Alþingi ályktar að á árinu skuli aflað 10 m. kr. viðbótarfjár til vegáætlunar á árinu 1982. Fé þessu skal varið til framkvæmda á eftirtöldum vegum í því skyni að auka öryggi vegfarenda.

Útnesvegur um Ólafsvíkurenni	6,9 m. kr.
Djúpvegur um Óshlíð	3,0 m. kr.
Ólafsfjarðarvegur um Ólafsfjarðarmúla	0,1 m. kr.

Framkvæmdir þessar skulu vera sérstakur verkefnaflokkur innan stofnbrauta. Frekari fjárveitingar skulu ákveðnar við næstu endurskoðun vegáætlunar.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Við afgreiðslu vegáætlunar s. l. vor ritaði samgönguráðherra fjárveitinganefnd Alþingis svohljóðandi bréf:

„Að gefnu tilefni skal tekið fram að ráðuneytið hefur óskað eftir því við Vegagerð ríkisins að hún láti gera áætlun um framkvæmdir til þess að draga sem mest úr hættu fyrir vegfarendur af snjóflóðum, skriðuföllum og grjóthruni á vegum um Ólafsfjarðarmúla, Ólafsvíkurenni og Óshlíð, þar sem hætta fyrir umferð er talin mest á þjóðvegum landsins.

Samgönguráðherra mun leggja til við ríkisstjórnina að lögð verði fram á næsta Alþingi viðaukatillaga við vegáætlun, þannig að þessum framkvæmdum verði sinnt samkvæmt áætlun Vegagerðar ríkisins og sem sérstöku verkefni innan stofnbrauta, og verði fjármagns til þeirra aflað sérstaklega. Hefur um það verið rætt við fjármálaráðherra.

Er þess vænst að framkvæmdir geti hafist sumarið 1982.“

Í samræmi við bréf þetta er tillaga þessi flutt.

Vegagerð ríkisins hefur unnið að áætlanagerð um ofangreindar framkvæmdir. Er sú vinna misjafnlega langt komin fyrir einstaka vegi, en í heild er hún komin það langt að byggja má á henni tillögu þessa.

Í meðfylgjandi greinargerð Vegagerðarinnar eru raktir þeir valkostir, sem til álita hafa komið og gerð grein fyrir þeim lausnum, sem Vegagerðin mælir með til að ná þeim mark-

miðum, sem að var stefnt, þ. e. að draga sem mest úr hættu fyrir vegfarendur á umræddum vegarköflum.

Tillögur Vegagerðarinnar eru eftirfarandi:

1. Ólafsvíkurenni: Nýr vegur í fjöru undir Enni, áætlaður kostnaður 46 m. kr.
2. Óshlíð: Endurbygging núverandi vegar þar með taldar aðgerðir til að tryggja umferð gegn ofanhruni m. a. með byggingu vegþekja. Áætlaður kostnaður er 60 m. kr.
3. Ólafsfjarðarmúli: Jarðgöng undir Múlann um 2,5 km að lengd, ásamt endurbótum á vegi beggja megin ganga. Áætlaður kostnaður er 80 m. kr.

Kostnaðartölur eru á verðlagi í ágúst 1981.

Hér er um dýrar framkvæmdir að ræða. Tvær þeirra, Ólafsvíkurenni og Ólafsfjarðarmúli, eru með þeim hætti, að þær gagnast umferð ekki fyrr en þeim er lokið. Í Óshlíð komast minni áfangar að vísu strax í notkun, en þar munu framkvæmdir hins vegar trufla mjög samgöngur um veginn og líklega loka honum um lengri tíma. Þessar staðreyndir kalla á stórar fjárveitingar. Hér er lagt til, að 10 m. kr. verði veitt til þessara verkefna 1981. Á næstu árum þyrfti sú upphæð að aukast verulega. Ekki þykir rétt að flytja tillögur um ákveðnar fjárhæðir á þessu stigi, enda kæmi málið til ákvörðunar við næstu endurskoðun vegáætlunar veturinn 1982—1983.

Við skiptingu fjárins er tekið tillit til þess, að mikil rannsókn- og hönnunarvinna þarf að fara fram í Ólafsfjarðarmúla, áður en framkvæmdir geta hafist þar. Er því einungis veitt fé til þeirra starfa, en á hinum stöðunum báðum yrði hafist handa um framkvæmdir á þessu ári.